

Réne Descartes. Heimspeki hans í hnotskurn

Rene Descartes (1596-1650) er stundum nefndur faðir nútíma heimspeki. Hann féll um tíma í ónáð í föðurlandi sínu og hörfaði því til Hollands. Hann hefur ekki einasta unnið afrek í heimspeki, heldur einnig stærðfræði.

René Descartes beitti þeirri megin aðferð að draga kerfisbundið í efa allt, sem hann gæti ekki fullvissað sig um (method of systematic doubt). Aflvakinn virðist vera þrá RD til vísindalegra afreka. Í verki sínu, Orðræðu um aðferð (Rvk. 1991, s. 79-80) lýsir hann aðferðinni svo:

„Fyrsta reglan var að hafa ekkert fyrir satt, nema mér lægi alveg í augum uppi, að svo væri, með öðrum orðum að forðast umfram allt hvatvísi og hleypidóma og kveða ekki á um neitt nema það, sem stæði mér svo skýrt og greinilega fyrir hugskotssjónum, að ég gæti með engu móti borið brigður á það.

Önnur var sú að rekja sundur hvern þann vanda, sem ég fengist við, í eins marga smáþætti og auðið væri og með þyrfti til að ráða betur við hann.

Hin þriðja var að hugsa í rétttri röð með því að byrja á hinum einföldustu og auðskildustu atriðum og fikra sig síðan fram, unz hin fjölþættustu liggja í augum uppi, og ganga jafnvel svo langt að gera ráð fyrir slíkri röð, þar sem hún er engin samkvæmt eðli hlutanna.

Síðasta reglan var sú að fella hvergi neitt undan og yfirfara alla þætti svo rækilega, að ég gæti verið viss um, að mér sæist ekki yfir neitt.“

RD sannfærðist um, að það, sem í huganum byggir, væri raunsannast. Þannig sannaði hann tilvist sjálfs sín (og Guðs raunar einnig) með því að draga ekki eigin hugsun í efa; ég hugsa, því er ég til (cognito ergo sum – kemur einungis fyrir í latnesku þýðingu bókarinnar, „Orðræða um heimspeki.“).

Það virðist nokkuð ljós, að Descartes hefur þegið visku grískra fornspekinga að láni í miklum mæli; t.d. hugtakið um skýra og greinilega skynjun (einkum frá Stóuspekingum), áskapaða hugmynd um Guð ásamt aðgreiningu sálar og líkama (einkum frá Platóni og Pýþagórasí), greinarmun skynjunar og hugsunar, sem var eitt meginumfjöllunarefni hinna fornu spekinga, hugmyndin um skynsemi sem aðal mannsins virðist komin úr smíðju Aristótelesar (oft og tíðum greinir Aristóteles frá hugsun heimspekinga samtíma síns og spekinga á fyrri tíð – og fléttar inn í eigin hugsun), aðgreiningu svonefndrar skoðunar, sem hvorki var sönn né ósönn („réttnefndar“ hugmyndir hjá RD) og sannrar þekkingar (dómar), hugmyndin um lífsandann í „líkamsvélinni“ var í forngrískri heimspeki yfirleitt beinn eða óbeinn „innblástur“ frá Guði, o.s.frv.

RD sækir einnig í sjóð heimspekinga síðfornaldar. Guðssönnunin er nánast sú sama og hjá heilögum Ágústínusi, þ.e. skjátlist mér, er ég til.

Hugmyndir RD um brjóstvit ellegar skynsemi eru eftirtektarverðar. Í Orðræðunni segir hann m.a. (s. 61-62): “Brjóstviti er deilt með mönnum af mestum jöfnuði [...]...Nær virðist að álykta, að hæfileikinn til að vega og meta og greina rétt frá röngu, sem einn er réttilega nefndur brjóstvit eða skynsemi, sé af náttúrunni samur og jafn í öllum mönnum. Ólíkar skoðanir manna stafa þá ekki af því, að einn sé öðrum skynsamari, heldur einungis af hinu, að hugsunarhátturinn er breytilegur frá manni til manns og viðfangsefnin margvísleg.“

„Sjálfur hef ég aldrei talið, að ég væri betur gefinn en gengur og gerist. Ég hef reyndar einatt óskað, að hugsun mín væri jafnhröð, ímyndunaraflíð jafnskýrt og skarpt eða minnið eins víðtækt og vakandi og sumum öðrum er gefið. Ég fæ ekki séð, að góðar gáfur séu fólgnar í öðrum eiginleikum en þessum þremur.“

„Hins vegar hallast ég að því, að skynsemin eða vitið búi óskert með hverjum manni, og það því fremur sem hún ein gerir okkur að mönnum og greinir okkur frá dýrunum. Í þessu efni fylgi ég almennri skoðun heimspekinga, en þeir kenna, að stigsmunur sé einungis á *breytilegum eiginleikum* hlutanna, en ekki á *mynd* eða eðli einstaklinga sömu *tegundar*.“

RD getur þrenns konar hugmynda: 1) áskapaðra (skilningur - frummyndir), 2) skynbundnar (þ.e. utanaðkomandi) og 3) úr eigin huga (þ.e. uppfinning fyrir tilstuðlan ímyndunarafls). Dóma segir RD sanna, en eiginlegar hugmyndir eða „réttnefndar“ hugmyndir eru hvorki sannar né ósannar.

Mynd hugans af hinu skynjaða er óneitanlega og augljóslega áþekkt „fyrirmyndinni“ í hinum ytra heimi. (Þó er það nauðsynlega ekki ævinlega svo.) Skynjunin, hugarstarfið, er eðlislægt, eins konar sjálfkrafa tilhneiging og veltur því ekki á viljanum eða hvötinni.

Í huganum býr einnig „náttúrunnar skilningsljós,“ sem lýsir leiðina til sannleikans, t.d því, að svik, prettir og blekking séu merki ófullkomunnar. Því geti fullkominn Guð ekki hegðað sér þannig. Í Hugleiðingum um heimspeki (Meditationes), Rvk. 2001) segir RD um skilningsljósið: „Nú blasir við af náttúrunnar skilningsljósi að heildarorsök hlýtur að hafa að minnsta kosti jafnmikið til að bera og afleiðing hennar“ (s. 162)

RD gerir ráð fyrir, að til séu skýr og greinilega sannindi, sem unnt sé að styðjast við án tilstuðlan Guðs almáttugs. Þau sannindi eru því merki brennd, að hafa einungis gildi meðan þau eru hugsuð. Þessi forsenda virðist koma í veg fyrir vítahring við Guðssönnun hans.

Í Hugleiðingum gerir RD grein fyrir rannsókn sinni (hann hafði þó áður lagt grundvöllinn að speki sinni í fyrri ritum, einkum „Orðræðu um heimspeki“).

Fyrsta hugleiðing fjallar um það, sem má draga í efa. Í hugleiðingunum farast RD svo orð: “[...] mun ég ekki ganga að því vísu að til sé algóður Guð, uppspretta sannleikans, heldur að máttugur og kænn illur andi neyti allra bragða til að blekkja mig. Ég mun gera ráð fyrir því, að himinninn, loftið, jörðin, litirnir, lögum hluta, hljóð og allur hinn ytri heimur séu einungis draumsýnir sem andinn bregður upp til að blekkja mig. Um sjálfan mig mun ég trúá því að ég hafi engar hendur, augu, hold, blóð né skilningarvit, heldur telji mér einungis ranglega trú um að svo sé.“ (139)

RD skilgreinir hugsandi veru svona í Hugleiðingunum: „Vera sem efast og skilur, játar og neitar, vill og vill ekki, ímyndar sér og skynjar. Þetta er ekki svo lítið ef ég hefði það allt til að bera.“ (s. 146)

RD skilgreinir Guð þannig í sama riti: „Með orðinu „Guð“ á ég við verund sem er óendanleg, sjálfstæð, alvitur, almáttug og skapari minn og alls annars sem kann að vera til.“ (s. 168)

Skynjun og ímyndun er í sjálfu sér hugsun, eru vitundarathafnir og sálargáfur (en þó er stundum svo að skilja, að þær séu ekki hluti hugans).

Önnur hugleiðing fjallar um eðli mannshugararins og hversu miklu auðveldara sé að bera kennsl á hann heldur en líkamann. Hann segir í áður nefndu riti:

„Nú veit ég að ég skynja jafnvel líkamlega hluti ekki með skilningarvitunum eða ímyndunaraflinu, heldur aðeins með skilningarvitunum. Ég skynja þá ekki af því að ég sjái þá eða snerti, heldur af því að ég skil þá. Þannig er mér fullljóst að ég get ekki þekkt neitt auðveldlegar né augljóslegar en hug minn.“

Þriðja hugleiðing snýst um tilveru Guðs. Í sömu bók segir RD: „[...]mér er ljóst að ég gæti ekki með neinu móti verið til eins og eðli mitt er – það er að segja vera sem hefur hugmynd um Guð – nema því aðeins að Guð sé einnig til, sá hinn sami og ég hef hugmynd um. Og hann hlýtur að hafa alla þá fullkomnun til að bera sem ég get gert mér í hugarlund, þó svo ég fái ekki skilið hana til hlítar. Og hann hlýtur að vera öldungis lýtalaus. Af þessu er fullljóst að hann getur ekki blekkt mig, því að skilningsljósið segir mér að prettir og blekkingar séu til lýta.“ (s.176)

Sönnun á tilvist Guðs er þessi: „Því betur sem ég huga að öllum [eiginleikum eigin hugar] þeim mun óhugsanlegra virðist mér að þeir séu upprunnir í mér einum. Af því leiðir, eftir því sem nú er sagt, að Guð hlýtur að vera til.“ (s. 168)...“Að auki er [hugmyndin um Guð] öldungis skýr og greinileg, því að hvaðeina sem ég skynja skýrt og greinilega að sé raunverulegt og satt og búi yfir einhverri fullkomnun, það hefur hún til að bera.“ (s. 169) [...] af því einu að ég er til og hef hugmynd um alfullkomna veru, það er Guð, leiðir ljóslega að Guð er til.“ (s. 175) Og ekki hef ég fundið hana upp sjálfur, því ég get ekkert af henni tekið og engu við hana bætt. Hún hlýtur því að vera mér ásköpuð, rétt eins og hugmynd mín um sjálfan mig.“ (s. 175-176) „Hvaða sönnunaraðferð sem ég beiti, kem ég aftur og aftur að því sama: ég veit það eitt með fullkominni vissu sem ég skynja skýrt og greinilega.“ (s. 197)

Guð er orsök alls: „Og á endanum komum við að hinni hinztu orsök, það er að segja Guði.“ (s. 174) „Af þessu blasir við að öll sönn og áreiðanlega þekking er í einu og öllu komin undir vitund minni um hinn sanna Guð.“ (s. 200)

Skilningarvitin ber að varast: „[...] hef ég margt reynt sem hefur smám saman svipt mig trúnni á skilningarvitin.“ (207) „Ég mundi líka að ég hafði not af skilningarvitunum á undan skynseminni, og ég sá að þær hugmyndir, sem ég gerði mér sjálfur, voru ekki eins eftirtakanlegar og hinar sem skynjunin gaf mér, svo og að þær voru flestar samansettar úr hinum.“ (s. 206)

En þó: „Ég veit að öll skilningarvit mín segja mér miklu oftast satt en ósatt um þá hluti sem varða velferð líkamans. Ég get næstum alltaf beitt fleiri en einu þeirra til að skoða sama hlutinn; og síðast en ekki sízt hef ég minni mitt sem tengir nútíð við fortíð, og skilninginn sem nú hefur rakið allar orsakir til þess að mér skjáttast.“ (s. 222)

Megininntak *fjórðu hugleiðingar* er hið sanna og ósanna. RD greinir frá (sama rit): „Undanfarna daga hef ég vanið mig á að beina huganum frá skilningarvitunum; ég hef veitt því nána athygli hve fátt við skynjum sannlega um efnislega hluti, hve miklu meira er vitað um mannshugann og enn miklu meira um Guð.“ (179)

„Því hvenær sem ég hef taumhald á vilja mínum, þar sem kosta er völ, svo að hann hemji sig við það eitt sem skilningurinn sýnir honum skýrt og greinilega, getur mér með engu móti skeikað. Því sérhver skýr og greinileg skynjun er eitthvað; því hún getur ekki stafað af engu, heldur hlýtur hún að stafa frá Guði. Guð segi ég að sé alfullkominn, svo að fráleitt er að ætla að hann blekki mig. Þess vegna hlýtur skýr og greinilega skynjun að vera sönn.“ (190) Hugmyndin um Guð er sem sé ásköpuð, ein frummyndanna.

Í *fimmту hugleiðingu* heldur RD sé við sama heygardshorn, þ.e. eðli efnislegra hluta og tilveru Guðs: Hann orðar þetta svo (sama rit): „En nú hef ég skilið að Guð er til, að allt annað er undir honum komið og hann blekkir mig ekki. Og af þessu hef ég ráðið að hvaðeina sem ég skynja skýrt og greinilega hljóti að vera satt. Svo að jafnvel þótt ég hugsí nú ekki lengur um rök mín fyrir þessu, geta samt engin rök leitt mig að efast um það ef ég aðeins minnst þess að ég hef skynjað það skýrt og greinilega; þá veit ég það með öruggri vissu.“ (200)

„En nú veit ég að ég get ekki látið blekkjast um það sem ég skynja skýrt og greinilega.“ „.....Því þó svo mig væri að dreyma, hlyti allt það að vera satt sem skilningi mínum er ljóst.“ (200) „Af þessu blasir við að öll sönn og áreiðanleg þekking er í einu og öllu komin undir vitund minni um hinn sanna Guð.“ „.....“ „En nú verður mér kleift að vita marga hluti með vissu, bæði um Guð sjálfan og aðra hluti skilningsins, svo og um gervallan efnisheiminn sem er viðfangsefni hreinnar stærðfræði.“ (200)

Í *sjöttu og síðustu hugleiðingu* fjallar RD einkum um líkama og sál. Í ofangreindu riti segir hann: „Ég veit að öll skilningarvit mín segja mér miklu oftast satt en ósatt um þá hluti sem varða velferð líkamans; ég get næstum alltaf beitt fleiri en einu þeirra til að skoða sama hlutinn; og síðast en ekki sízt hef ég minni mitt sem tengir nútíð við fortíð, og skilninginn sem nú hefur rakið allar orsakir til þess að mér skjálást. Ég þarf því ekki að óttast það lengur að allt sem ég skynja með skilningarvitunum frá degi til dags sé ósatt; nú veit ég að efasemdir mínar undanfarna daga eru hlálegar öfgar, og vísa þeim frá mér.“

Þetta á einkum við um helztu ástæðu mína til efasemda, þá að ég geti engan greinarmun gert á draumi og vöku, því nú sé ég að gífurlegur munur er á þessu tvennu. Allt sem ég lifi í vöku tengir minni mitt við allt annað sem ég hef séð og lifað; en hið sama veður ekki sagt um drauma mína [...] En þegar ég sé greinilega hvaðan hlutur kemur, hvenær hann kemur og hvar hann er, og þegar ég get tengt þessa skynjun mína við allar aðrar skynjanir mínir í lífinu, veit ég með vissu, meðan þetta er að gerast, að ég sef ekki heldur vaki. Og allar þessar efasemdir minnar um raunveruleika þessara hluta eru öldungis ástæðulausar ef öllum skilningarvitum mínum, minni mínu og skilningi ber saman um þá að athuguðu máli.“ (s. 222-223)

Um eðli og líkama segir RD m.a.: „[...] dregið þá ályktun að eðli mitt sé fólgið í því einu að ég sé hugsandi vera. Að vísu getur vel verið að ég hafi líkama sem sé nátengdur mér (ég á raunar eftir að segja að þetta sé alveg áreiðanlegt), en það breytir engu. Annars vegar hef ég skýra og greinilega hugmynd um sjálfan mig sem hugsandi veru sem hefur ekkert rúmtak. Hins vegar hef ég greinilega hugmynd um líkama, að því leyti sem hann hefur aðeins rúmtak, en hugsar ekki. Því er öldungis víst að ég og líkami minn erum tvennt ólíkt, og ég gæti vel verið til án líkamans.“ (s. 209)

RD skilgreinir líkama svo: “Með líkama á ég við allt það sem haft getur einhverja lögun, átt sér einhvern stað og fyllt hluta rúmsins á þann hátt að þar komist enginn annar hlutur fyrir; og sem skynja má með snertingu, sjón, heyrn, smekk eða ilman og getur líka hreyfzt á ýmsa vegu, að vísu ekki af sjálfum sér, heldur þarf annar hlutur að hreyfa við honum. Því ég taldi að það gæti með engu móti verið í eðli líkama að geta hreyft sig sjálfur, skynjað eða hugsað. Satt að segja furðaði ég mig mjög á því að sumir líkamar skyldu hafa þessa eiginleika til að bera.” (sama rit s. 144)

Sálin er verund aðskilin frá líkamanum: „[...] ber að draga þá ályktun að allir þeir hlutir, sem við skiljum skýrt og greinilega sem ólíkar verundir eins og raun er á um sál og líkama, eru í reynd verundir og hver þeirra er aðgreind frá hinum.“ (128-129) [...] líkaminn getur hæglega farízt, en hugurinn er ódauðlegur eftir sjálfu eðli sínu.“ (s. 130) „Sannað er að hugurinn er í raun

aðgreinanlegur frá líkamanum, en jafnframt sýnt að þeir eru svo samslungnir að hugur og líkami mynda eins konar einingu.“ (s.130-131)

Eðli sínu samkvæmt getur líkaminn ekki hreyft sjálfan sig eða hræst. Það þarf guðlegt afl til „guðlega“ sál. Skynjun verður ekki að eigin frumkvæði, heldur við ertingu eða áreiti að utan. Sál og líkami eiga sér snertistöð, eru samstillt eins og væru tvær klukkur, milli þeirra er ákveðin samsvörun.

Í samantekt má segja, að RD beiti eftirtöldum tegundum röksemda:

Skynvillurökin; þ.e. skilningarvitin blekkja mig stundum, en þó varla um það, sem mér er næst, og daglegt amstur.

Draumrökin; mörk vöku og draums eru tíðum óskýr, en greinarmunurinn sést t.d. í stærðfræðinni, sem óneitanlega er ein og söm, hvort heldur ég vaki eða sef. Eins má ráða af því, að skilningur minn, hugurinn, hefur áður séð efnisleg fyrirbæri skýrt og greinilega, og að fyrirbærin eru grópuð í minni mitt, að til sé efnislegur veruleiki í vöku. Þar að auki eru skynjanir í draumi „ímyndir“ með litbrigðum, sem hljóta að eiga rófestu í raunverulegri efnisveröld, enda þótt öðru vísi gæti verið með inntak þeirra, sbr. málverk.

Andarökin: Guð er góður, því vill hann varla bregða fyrir mig fæti. Væri aftur á móti til „vondur“ Guð væri engu að treysta, jafnvel ekki stærðfræðinni. En máttugur og kænn andi gæti hins vegar fundið upp á því að blekkja mig og draga mig á talar.

Sannleiksreglan: Ég er þess fullviss, að ég hugsá, því hlýt ég að vita hvers vegna, þ.e. við skýra og greinilega skynjun. Það eru frumsannindi. Í margumræddri bók segir RD: “Ég veit með vissu að ég er hugsandi vera. Hlýt ég þá ekki að vita líka hvað til þess þarf að ég sé viss um eitthvað? En í þessum frumsannindum um sjálfan mig er ekki annað en skýr og greinileg skynjun þess sem ég held fram. Nú dygði þetta ekki til að veita mér vissu um þessi sannindi ef það gæti nokkru sinni gerzt að það sem ég skynja skýrt og greinilega með þessum hætti reyndist rangt. Svo virðist því sem ég geti sett mér sem algilda reglu að allt það sé satt sem ég skynja mjög skýrt og mjög greinilega. (156)

Orsakalögmálið: Ekkert verður af engu, orsökinn verður að vera að minnsta kosti jafnvíðtæk og afleiðingin, hið ófullkomna skýrist af því, sem er fullkomnara. (T.d.: hvort tveggja hugmyndin um hina ófullkomnu veru (manninn eða RD sjálfan) og tilveru hinnar hugsandi veru, sem er ein og hin sama, skýrist sem afleiðing af tilvist hinnar fullkomnu veru, Guðs.)

Vörumerkisrökin: Þegar hugmynd kemur í ljós eða fæðist, ber að skilja hana sem eins konar vörumerki þess, er skóp hana fyrir tilstilli nákvæmlega sömu gáfu og skóp skilninginn um tilvist sjálfs mín. Hugmyndin um Guð er dæmi um þetta.

Verufræðirökin: Frumspékilegu rökin fyrir tilvist Guðs

Heimsfræðirökin: Rökin fyrir hinni fullkomnu sköpun. Fullkomnun í hugmyndinni um guð er eining.

RD var einnig merkur stærðfræðingur og átti m.s. þátt í uppfinningu hnitakerfisins.

Þessi mæti spekingur tengist Íslandi á skemmtilegan hátt. Í fyrsta lagi er til bréf frá danska lærdómsmanninum, Ole Worm, til Vísa Gísla, þar sem Ole biður hann um að svipast um eftir bók RD, (trúlega) Hugleiðingum um heimspeki. Í öðru lagi samdi RD leikrit fyrir Kristínu Svíadrottningu, þar sem sögupersónan var íslensk konungsdóttir rænd ríki sínu – sælueyjunni Íslandi - af sænskum drottara. Því klæddist hún í dulargervi smalastúlku. Sagt er, að þýski

heimspekingurinn og fjölfræðingurinn, Gottfried Wilhelm Leibnitz, hafði lesið verkið, en það er nú glatað. RD var hirðmaður Kristínar í tæpt ár. Hann lést í Stokkhólmi.

Þorsteinn Gylfason: „Frumspeki Descartes er, eins og öll almennileg heimspeki, barmafull af hugvitssamlegum röksemdafærslum. Þær eru mikil heilabrotæfni heimspekinga allt til þessa dags. Á okkar dögum er satt að segja meira hugsað og skrifað um heimspeki Descartes en nokkru sinni síðan hann var uppi.“ (Þorsteinn Gylfason. Inngangur að riti René Descartes, Orðræða um aðferð, Hið íslenska bókmenntafélag, 1991, s.50.)

Franski stærðfræðingurinn og heimspekingurinn, René Descartes, gefur út flatarmálsfræði sína 1637. „Helzta framlag Descartes til eðlisfræðinnar er tvíþætt. Annars vegar uppgötvaði hann tregðulögmálið, sem ... er ein undirstaða sígildrar kraftfræði. Hins vegar bjó hann til hugmyndina um heimsvél, þá hugmynd að gervallur efnisheimurinn sé vél sem stjórnist af kraftfræðilegum lögmálum. Þessi kenning heitir vélhyggja. Hjá Descartes giltu lögmálin um efni og hreyfingu, eða öllu heldur um hreyfingu í rúmi, því að eitt höfuðeinkenni á eðlisfræði hans var það að hann hafði jafnaðarmerki milli rúms og efnis. Hann trúði ekki á tóm rúm frekar en Aristóteles hafði gert, meðal annars vegna þess að hann gat ekki sætt sig við hugmyndina um fjarhrif: ef hlutur átti að geta hreyft annan hlut urðu þeir að snertast. Þessi kenning um fyllingu rúmsins var allt frá öndverðu ein umdeildasta kenning hans.“ (Þorsteinn Gylfason. Inngangur að riti René Descartes, Orðræða um aðferð, Hið íslenska bókmenntafélag, 1991, s. 42.)

„Í líffræði sinni neitaði Descartes því að nokkur eðlismunar væri á lifandi efni og dauðu. Þar var hann líka vélhyggjumaður....Þessar vélar eru settar saman af einstökum sigurvekum, einsog kerfi hjarta og æða...vildi ekki lýsa hjartanu sem óbrotinni dælu eins og Harvey gerði. Honum þótti sem þá vantaði skýringuna á hreyfingu þess. Hjá honum varð hjartað öllu líkara gufuvél sem knúin er áfram af hita.“ (Sama rit, s. 44)

„Með vélhyggju sinni um lifandi verur lagði Descartes grundvöllinn að allri líffræði eins og hun er iðkuð til þessa dags. Líffræði okkar daga gengur öðru fremur út á greiningu sigurverka í lifandi líkama, og smættir lögmálanna um gang þeirra í efnafræði sameindanna.“ (Sama rit, s. 45)

„Vísindi hans voru á endanum stærðfræðileg eðlisfræði og annað ekki því að öll vísindi önnur en eðlisfræðin áttu að vera smættanleg í hana...heimurinn er í raun og sannleika allur annar en hann sýnist vera: rúmtak og hreyfing eru hlutlæg fyrirbæri, en aðrir skynjanlegir eiginleikar sem við eignum hlutum eru í rauninni ekki hlutlæg heldur huglæg fyrirbæri, til að mynda litir, hljóð og lykt (sama rit, s. 46).“ (Sbr. George Berkeley um „esse est percipi“ og John Locke um „primary“ og „secondary qualities.“)

„Þessi kenning um hlutlægt og huglægt kveikir þá miklu spurningu hvernig það megi vera að stærðfræðileg greining á hreyfingu í rúmi lýsi heiminum eins og hann er. Brýtur það ekki þvert gegn heilbrigðri skynsemi? Þetta er í rauninni heimspekileg spurning sem er í góðu gildi til þessa dags. Hvernig er stærðfræðileg eðlisfræði eins og við iðkum hana svo mikið sem hugsanleg? Hvernig geta fáein reikningsdæmi á fáeinum blöðum opinberað okkur leyndardóma öreindanna eða vetrarbrautarinnar og heimskerfanna handan hennar?

....vildi hann með frumspeki sinni tryggja undirstöður eðlisfræðinnar, helzt þannig að hann léði á endanum eðlisfræðinni sambærilega vissu við þá sem stærðfræðin hefur til að bera“ (sama rit, s. 46-47).

Í bók sinni, Orðræðu um aðferð (Hið íslenska bókmenntafélag, 1991, s. 61), segir franskir nýaldarheimspekingurinn, René Descartes (1596-1650): „Brjóstviti er deilt með mönnum af mestum jöfnuði, því hver og einn þykist gæddur því í svo ríkum mæli, að jafnvel þeir, sem

örðugast er að gera til hæfis í öllum öðrum greinum, telja sig ógjarnan afskipta í því efni. Hæpið er að ætla, að öllum skjáttlist um þetta. Nær virðist að álykta, að hæfileikinn til að veða og meta og greina rétt frá röngu, sem einn er réttilega nefndur brjóstsvit eða skynsemi, sé af náttúrunni samur og jafn í öllum mönnum. Ólíkar skoðanir manna stafa þá ekki af því, að einn sé öðrum skynsamari, heldur eiungis af hinu, að hugsunarhátturinn er breytilegur frá manni til manns og viðfangsefnin margvísleg. Þess vegna er ekki einhlítt að vera góðum gáfum gæddur, heldur skiptir mestu að beita þeim rétt. Í fari ágætustu andans manna má finna verstu lesti ekki síður en beztu dyggðir.“

Um René Descartes (1596-1650), farast Þorsteini Gylfasyni svo orð: „[...] Descartes [notar] orðið „idée“ (hugmynd) [eins og] „pensée“ (hugsun)...Latneska orðið „idea“ er upphaflega grískt, og einkum sótt til Platóns sem hafði „idea“ eða „eidos“ um það sem á íslensku heita frummyndir, til dæmis hina fullkomnu frummynd rétthyrnds og jafnarma þríhyrnings. Á miðöldum höfðu heimspekingar orðið um frummyndir skapaðra hluta í huga Guðs. Descartes gaf orðinu nýja merkingu, vitandi vits, þegar hann hafði það um hugmyndir eða hugsanir í mannshuganum, og þessa orðanotkun tóku yngri heimspekingar eins og John Locke eftir honum með þeim afleiðingum að orðið komst á endanum á hvers manns varir um alla Evrópu þar sem það merkir nú ekki annað en íslenska orðið „hugmynd“ (s. 179-180).

„[...] má ráða að Desartes gerir strangan greinarmun á hugmynd annars vegar og mynd í huganum hins vegar. Þetta er mikilsvert vegna þess meðal annars að eftirmenn hans meðal raunhyggjumanna höfðu ríka tilhneigingu til að líta á hugmyndir sem myndir í huganum, þeirra á meðal David Hume (1711-1776) í Ritgerð um mannlegt eðli....notar hann orðin „idée“ og „notion“ í einni og sömu merkingu, en „notion“ er sjálfgert að þýða með íslenska orðinu „hugtak.“ (s. 183-184).

René Descartes segir í bók sinni, Orðræða um aðferð (Hið íslenska bókmenntafélag, 1991, s.105) um Guð: „[...] geri fyrirfram ráð fyrir tilveru Guðs. Því í fyrsta lagi er einmitt þetta, sem ég valdi mér að reglu – það er að segja að það, sem við skynjum mjög skýrt og mjög greinilega, sé allt satt – ekki óyggjandi, nema vegna þess að Guð er eða er til og er fullkomin vera og að allt það, sem er í okkur, er frá honum komið. Af því leiðir, að hugmyndir okkar eða hugtök, sem eru raunveruleg og stafa frá Guði að öllu því leyti, sem þau eru skýr og greinilega, geta ekki að því leyti verið annað en sönn.“

Hann heldur áfram (s. 114): „[...] miklu sennilegra er, að Guð hafi þegar í upphafi gert hann slíkan sem hann átti að vera. En hitt er víst, enda almenn skoðun guðfræðinga, að Guð varðveitir heiminn nú með sama hætti og hann hafði á sköpun hans. Þótt Guð hefði því í upphafi haft heiminn á ringulreið, má ætla, án þess að varpa rýrð á kraftaverk sköpunarinnar, að það eitt að setja náttúrunni lögmál og ljá henni styrk til að hlíta þeim eftir hætti hefði nægt til þess, að allir þeir hlutir, sem eru úr efni einu saman, hefðu getað, er stundir liðu, orðið slíkir sem menn sjá þá nú.“

Ég hugsá, þar af leiðandi er ég (hin fleygu orð franska sautjándu aldar heimspekingsins, René Descartes Duperron, sem reyndar eru upprunnin hjá Ágústínusi kirkjuföður).

René Descartes segir í bók sinni, Orðræða um aðferð (Hið íslenska bókmenntafélag, 1991, s. 98): „En þó að ég vildi nú hugsá sem svo, að allt væri rangt, rann þegar í stað upp fyrir mér, að ég, sem hugsáði, hlyti að vera eitthvað. Og mér varð ljóst, að þessi sannindi ég hugsá, þess vegna er ég til voru svo traust og örugg, að hóflausustu tilgátur efasemdarmanna fengju ekki um þau þokað, og hugðist ég því með góðri samvizku geta valið mér þau að frumreglu þeirrar heimspeki, sem ég leitaði eftir.“

Skýr og greinileg skynjun var grundvöllur þessarar ályktunar hans. Um hana segir Þorsteinn Gylfason: „[Þ]ótt Descartes geti ef til vill ekki skynjað skýrt og greinilega, og þar með reitt sig á, aðra forsendu fyrir tilveru sinni en þá að hann hugsi, þá er ekki þar með sagt að engar aðrar forsendur séu fyrir tilveru hans – forsendur sem hann getur ekki reitt sig á af því að hann skynjar þær ekki skýrt og greinilega. Ein slík forsenda kynni að vera sú að hann hafi líkama. Hann hefur að svo komnu máli ekkert fyrir sér sem útilokar það að líkaminn sé að einhverju leyti forsenda sálarlífsins.“ (Inngangur að riti René Descartes, Orðræða um aðferð, Hið íslenska bókmenntafélag, 1991, s. 53.)

René Descartes. Orðræða um aðferð. Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 1991: „Um heimspekina hef ég þetta eitt að segja: Ég sá, að hún hafði verið iðkuð öldum saman af hinum ágætustu andans mönnum og að samt sem áður er ekkert í henni hafið yfir þrætur né vafa, og var ég þá ekki svo mikillátur að vænta betri árangurs en aðir. Ég leiddi hugann að því, hve mörgum ólíkum skoðunum um sama efni lærðir menn gútr haldið fam, án þess nokkru sinni gæti nema ein þeirra veri sönn, og taldi ég því nánast rangt allt, sem ekki var nema sennilegt.“ S. 68

„Grundvöll annarra fræðigreina taldi ég svo ótryggan, að ekki hefði verið unnt að reisa á honum neitt, sem hald væri í, enda hefði heimspekin lagt hann.“ 68

„Ég lagði því bóknámið á hilluna, jafnskjótt og ég varð nógu gamall til að losna undan yferráðum kennara minna, og afréð að leita ekki frammar eftir öðrum vísindum en þeim, sem ég fyndi í sjálfum mér eða í hinni miklu bók heimsins.“ 69

„Því að mér virtist, að ég gæti fundið miklu meiri sannindi í þeim rökum, sem hver og einn beitir um þau efni, sem honum eru hugleikin, og hljóta að koma honum óðar í koll, ef honum hefur skotizt, heldur en í rökum hins bóklærða í lesstofu sinni um hugsmíðar, sem ekki verður hönd á fest og skipta hann engu, nema ef var skyldi því, að hann státar því meira af þeim sem þær fara fjær heilbrigðri skynsemi.“ 69

„Fyrsta reglan var að hafa ekkert fyrir satt, nema mér lægi alveg í augum uppi, að svo væri, með öðrum örðum að forðast umfram allt hvatvísi og hleypidóma og kveða ekki á um neitt nema það, sem stæði mér svo skýrt og greinilega fyrir hugskotssjónum, að ég gæti með engu móti borið brigður á það.“

Önnur var að rekja sundur hvern þann vanda, sem ég fengist við, í eins marga smáþætti og auðið væri og með þyrfti til að ráða betur við hann.“ 79

„Hin þriðja var að hugsa í réttri röð með því að byrja á hinum einföldustu og auðskildustu atriðum og fikra sig síðan fram,.....“ 80

„Síðasta reglan var sú að fella hvergi neitt undan og yfirfara alla þætti svo rækilega, að ég gæti verið viss um, að mér sæist ekki yfir neitt.“ 80.

„En jafnskjótt og ég náði valdi á nokkrum almennum hugmyndum um eðlisfræði (s. 1332) og hóf að reyna þær við ýmis einstök vandamál, varð mér ljóst, hve vel þær duga og hversu frábrugðnar þær eru þeim frumreglum, sem menn hafa notað hingað til. Ég hugðist því ekki geta haldið þeim leyndum nema syndga gróflega gegn því lögmáli, sem býður mönnum að vinna af fremsta megni að almenningsheill.“ 133

„Því af þeim lærði ég, að unn er að öðlast þekkingu, sem kemur að drjúgum notum í lífinu, og að í stað þeirrar bóklega heimspeki, sem kennd er í skólum, má af þeim draga aðra verklega.....eignað sér þannig náttúruna og gert sig að herrum hennar.....heldur einnig og aðallega vegna varðveizlu heilsunnar, en hún er vafalaust æðsta hnoss og undirstaða allra annarra lífsgæða.“ 133

„Það er að vísu satt, að hverjum manni er skylt að vinna eftir fremsta megni að velferð annarra og að sá maður er einskis verður, sem engum er að liði.“ 138

„Mig undrar ekki hið minnsta, að fornum heimspekingum, sem áttu ekki því láni að fagna, að rit þeirra geymdust, séu eignaðar hinar fáránlegustu hugmyndir. Þar af álykt ég ekki, að hugsanir þeirra hafi verið óskynsamlegar, því þeir voru meðal mestu hæfileikamanna sinnar tíðar, heldur að þær hafi verið ranghermdar.

Enda eru þess fá dæmi, að áhangendur þeirra hafi skarað fram úr þeim.....Þeir (áhangendur Aristótelesar) eru eins og vafningsviður, sem leitar ekki lengra upp en trén ná, sem halda honum uppi, og sækir jafnvel niður á ný, þegar hann hefur komið alla leið upp..... En (142) hugsunarháttur þeirra er einmitt mjög að skapi miðlungsmanna.“ 143

„En ég kys mér helst að dómurum þá menn, sem sameina heilbrigða skynsemi og lærdóm, því að ég þykist vita, að þeir muni ekki svo haldnir af latínu, að þeir neita að hlýða á rök mín af því, að ég útlista þau á mæltu máli.“ 151

Þorsteinn Gylfason. Inngangur að R. Descartes. Hugleiðingar um frumspeki. Hið ísl. bók m. f. Rvk 2001: „.....bjó hann til efahyggju sem á sér enga hliðstæðu í fornöld né heldur hjá Montaigne. Þar er kjarninn efasemdin um að hinn ytri heimur sé yfirhöfuð til. Hann kunni að vera sjónhverfing.....“ umhverfisvandinn.“ (68)

„.....ævinlega kallaður faðir allrar nútímaheimspeki.“ (69)

„Í krafti þeirra [bóka sinna] er hann einn áhrifamesti hugsuður Vesturlanda. Hann var einn máttugasti frumkvöðull nútímavísinda. Hjá heimspekingum varð hann að upphafsmanni þeirrar þekkingarfræði sem er stofninn í nýaldarheimspekinni eftir hans dag og enn á okkar dögum. Á 18du öld gerðu talsmenn upplýsingarstefnunnar hann að einni hetju sinni. Þar með varð hann að holdgervingi skynsemistrúar. Rökhyggja hans í þekkingarfræði, sem hafði stærðfræði að fyrirmynd annarrar vitneskju og skilnings, var höfð til merk um allsherjartrú hans á mátt og mannglegrar skynsemi. (s. 108)

„.....hann er að drjúgu leyti trúarlegur hugsuður. Ef hann átti sér einhverja fyrirmynd í hópi eldri heimspekinga, svo frumlegur sem hann þó var og umsvifamikill byltingarmaður, þá var sú fyrirmynd heilagur Ágústínus kirkjufaðir. Í krafti rita Descartes má Ágústínus jafnvel heita einn af meisturum nútímavísinda.

Bókin: „... ekki ráðizt á röksemdir mínar heldur á niðurstöðurnar, með rökum sem sótt voru í alkunn rit guðleysingja. En slík rök geta ekki hrinið á nokkrum manni sem skilur röksemdir mínar. Þess má líka geta að dómgreind sumar manna er svo l' til og veik að þeir kjósa heldur skoðun, sem þeir hafa einu sinni bitið í sig, sama hve röng og óskynsamleg hún er, en rétta og rök studda afsönnun hennar sem þeir heyra síðar.“ (123)

Gunnar Skirbekk og Nils Gilje. Heimspekisaga, Háskólaútgáfan 1999: Descartes tileinkar Elísabetu konungsdóttur frá Bæheimi bók sína um grundvallarlögmál heimspekinnar. Við lok skólagöngunnar segir hann: „að öldum saman hafa hinir mestu andans menn stundað hana, en engu að síður er ennþá þvargað um alla hluti.“

„Descartes (1596-1650), upphafsmaður nútíma heimspeki, beitti þeirri aðferð hin kerfisbundna vafa, sem enn má nota til gagns. Hann trúði því einu, sem stóð honum fyrir hugskotssjónum sem skýrt og satt. Hann efaðist um hvað eina það, sem efast mátti um, þar til rök stæðu til annars. Með því að beita aðferð þessari komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann væri einungis viss í sinni sök um veru sjálfs sín ... „Ég hugsa, því er ég til,“ ... Descartes vann heimspekinni mikið gagn með aðferð þessari, þar sem hann sýndi fram á, að hin huglægu fyrirbæri eru einna öruggust.“ Russel, Bertrand. The problems of philosophy, Oxford Univ. Press, Oxford 1973, bls. 7 til 8 – lauslega snarað af mér.)